



AÐALFUNDUR

Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu - SSF

í Þjóðminjasafni Íslands 8. júní 2007

Fundurinn hófst kl. 14.00 og fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 41 í Reykjavík



Hluti fundarmanna á Landnamssýningunni 871 +/- 2 í Aðalstræti

Fundarmenn:

Anna Vilborg Einarsdóttir, Leiðsöguskóla Íslands, Kópavogi
Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu
Dagný Emilsdóttir, Snorrastofu í Reykholti
Gísli Sverrir Árnason, menningarráðgjafi
Helga H. Ágústsdóttir, Eiríksstöðum í Haukadal
Hólmfríður Ingólfssdóttir, Skálholti
Kjartan Ragnarsson, Landnámssetri Íslands
Kristín Aradóttir, Sögusetrinu á Hvolsvelli
Kristín Sóley Björnsdóttir, Gásaverkefninu
Ólafía Jakobsdóttir, Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri
Ólafur J. Engilbertsson, Snjáfjallasetri og Sögumiðlun
Pétur Jónsson, Grettistaki
Rúna K. Tetzschner, Þjóðminjasafni, Íslands
Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar RRF
Sigrún Ragnarssdóttir, Grettistaki

Sigurborg Hilmarsdóttir, Landnámssýningunni í Aðalsræti
Sigurður Ari Ómarsson, Víkingafélaginu Hringhorna, Akranesi
Pórir Örn Guðmundsson, Víkingar á Vestfjörðum (Þingeyri)
Puríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra

Rögnvaldur bauð alla velkomna og stakk upp á Ásborgu sem fundarstjóra, sem var samþykkt. Kristín Sóley var valin sem fundarritari.

Fundarstjóri sagði frá breyttri dagskrá. Fór síðan yfir dagskrána og benti á að í sambandi við 7. lið samþykktu félagsins að stjórn félagsins gefur kost á sér til áframhaldandi setu. Ef einhverjir aðrir gæfu kost á sér í stjórn þyrftu þeir að láta fundarstjóra vita áður en sá liður yrði tekinn fyrir.

I Skýrsla stjórnar

Formaður, Rögnvaldur, kynnti skýrsluna. Hann fór yfir þróun samtakanna en hún hefur verið ör. Stofnfélagar voru 17 en félagar eru nú 45. Viðbrögð hafa því verið með eindæmum góð og fjölmiðalumfjöllun verið góð allt frá stofnun samtakanna. Haldnir hafa verið sex formlegir stjórnarfundir á árinu og þar að auki tveir símafundir stjórnarmanna. Þá hafa verið haldnir tveir fjölmennir félagsfundir, í Reykholti í Borgarfirði og að Skriðuklaustri í Fljótsdal. Ferðamálaráð Skandinavíu völdu samtökin á topp 10 hjá *Scandinavian Travel Award 2007* fyrir nýsköpun og árangur í ferðaþjónustu. Þetta er mikill heiður og góð viðurkenning fyrir starf samtakanna.

Sjá kynningu í viðhengi nr. 1.

II Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna

Formaðurinn kynnti nýja féлага í stuttu máli en eins og sagði undir I lið þá hefur félögum í samtökunum fjölgað um 28 frá stofnun þeirra.

Sjá félagatal í viðhengi nr. 2.

III Afgreiðsla reikninga

Í fjarveru gjaldkera, Skúla Björns, kynnti Pétur, meðstjórnandi, reikninga stjórnar fyrir árið 2006. Stjórnin er búin að skrifa undir þá og skoðunarmennirnir samþykktu þá án athugasemda. Fengu allir fundarmenn þá í hendur. Reikningar voru lagðir fram til og þeir samþykktir af fundarmönnum. Sjá ársreikning 2006 í viðhengi nr. 3.



Frá handritasýningunni í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

IV Lagabreytingar

Engar breytingatillögur bárust og því ekkert tekið til umfjöllunar undir þessum lið. Athugasemd barst varðandi breytingu á aðalfundi sem vert er að haf í huga fyrir næsta aðalfund en hún var að hann skuli aldrei haldinn seinna en í lok mars.

V Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun

Formaður samtakanna kynnti starfs- og fjárhagsáætlun 2008.

Meðal þess sem gert verður á árinu er: endurprentun minni bæklingisins, kynningarefni sett á geisladisk, viðburðarskrá á heimasíðu á nokkurs konar viðburðadagatali, bæklingarnir (sá minni) verða þýddir á þýsku, stefnt er að þáttöku á Vestnorden ferðakaupstefnunni, fræðsluá- og kynningaráætlun verður gerð, stefnt verður að ráðstefnu/málþingi haustið 2007, undirbúningur fyrir söguhátíð 2008 hefst auk undirbúnings vegna gæðamála samtakanna í víðu samhengi. Sjá fjárhagsáætlun í viðhengi nr. 4.

VI Ákvörðun árgjalds

Samþykkt var að hafa félagsgjöldin og kynningargjöldin óbreytt í ár.

- Félagsgjöldin fyrir stofnanir/fyrirtæki/félagasamtök verða kr 10.000
- Félagsgjöldin fyrir einstaklinga verða kr. 5000
- Kynningargjöld vegna kr. 100.000 (minni bæklingur endurútgefinn, plakat, auglúsingar hjá Heimi,. Endurbætur á heimasíðu SSF o.fl.)

VII Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Engin mótframboð bárust og stjórnin því endurkjörin með lófaklappi.

Kosnir voru skoðunarmenn reikninga. Þeir eru Gísli Sverrir og Björn í Mosfellsbæ.



Sögusafnið í Perlunni. Fundur Vínlands.

VIII Önnur mál

Viðburðarskrá aðilarfélaga:

Pétur Jónsson er að safna þessum upplýsingum saman til þess að setja á heimasíðuna. Hann kynnti það sem hann hafði þegar tekið saman. Sjá viðhengi nr. 5. Voru félagar beðnir um að koma breytingum eða viðbótum á framfæri við Pétur.

Talað var um að huganlega væri hægt að fá viðburðadagatal á heimasíðuna sem hver og einn gæti fyllt úr sjálfur í einföldu skráningakerfi. Samþykkt var að láta stjórnina skoða þetta og um leið myndi hún athuga hvort einhver gæti sinnt vefstjórninni.

Um leið verður möguleikinn á því að setja krækjur fyrir námskeið sem í boði eru á heimasíðuna.

Póstlisti:

Gerður verður góðru póstlisti fyrir samtökin. Ábyrgðarmaður: ritari samtakanna.

Söguhátíðin 2008/2009:

Rædd tillaga um að setja undirbúningshópur á laggirnar sem skoða á hvort möguleiki er að halda hátíðina sumar 2008. Söguhátíðin á að vera hágæða sögutengdur viðburður og jafnfram fræðilega áhugaverð. Þar verði markaður fyrir varning, lifandi sögumiðlun Hún byggir á breiðum grunni sögu þjóðarinnar frá landnámi fram til siðaskipta. Hugsanlegt er að hátíðin gæti verið "pilot-verkefni" samtakanna í Evrópuverkefninu sem yrði áframhald af "Sagalands"-verkefninu.



Ungir "víkingar" á Sólstöðuhátíðinni við Fjörúkrána í Hafnarfirði.

Samþykkt var að eftirtaldir aðilar yrðu í undirbúningshópnum, en leitast var við að hafa þar minnst einn frá hverjum landshluta:

Helga (Eiríksstöðum), Kjartan (Landnámssetri Íslands), Þórir (Víkingar á Vestfjörðum), Þuríður (Sögusetrið), Rögnvaldur (Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar), Skúli Björn (Skriðuklaustri) og Kristín Sóley (Gásaverkefninu).

Kynningarmál:

Kjartan Ragnarsson kom með þá hugmynd að leitað yrði til sjónvarpsins með það fyrir augum að gerðir yðru sjónvarpsþættir um ungt fólk sem fer að ferðast milli landshluta og kynnist menningararfi sínum. Hann lagði til nafn á þáttinn sem gæti verið *Að ferðast*. Þessi hugmynd var rædd af fundarmönnum og henni afskaplega vel tekið. Ákveðið var að þeir fundarmenn sem þekktu til sjónvarpsfólks-þáttargerðafólks myndu reifa málið við þá. Ákveðið var að Kjartan myndi tala við Þórhall hjá RÚV og einnig yrði talað við Evu Maríu.

Rögnvaldur kynnti áhuga Hópbíla í Hafnarfirði sem nú eiga einnig Kynnisferðir á samtökunum og bjóða fría rútu í skoðunarferð eftir fundinn. Möguleiki fyrir hendi að gera einhverjar pakkaferðir sem væru á milli aðila innan samtakanna. Þær væri hægt að kynna fyrir þeim sem áhugaverða nýjung í þeirra framboði til ferðamanna.

Málþing vetur 2007:

Nefnd kosin til að vinna að undirbúning málþingsins sem hér segir:

Sigrún (Grettistaki) með henni í nefndinni eru Dagný (Snorrastofu), Anna (Leiðsöguskólanum), Ólafur J (Snjáfjallasetri), Kjartan (Landnámssetri) og Gísli Sverrir (sjálfstætt starfandi ráðgjafi).

Leonardo da Vinci

Ásborg kynnti Leonardo mannaskiptin. Oft er um að ræða skipulagðar fræðsluferð fyrir ákveðinn fjölda hóps, þar sem Leonardo mannaskiptasjóðurinn borga ferðina og jafnvel fæði, allt eftir fjölda þátttakenda. Nauðsynlegt er að hafa góða tengiliði við þá staði sem heimsækja á. Á fundinum var því beint til félagsmanna að senda endilega inn tillögur að stöðum/löndum sem hægt væri að fara til. Æskilegt er að farið verði til landa utan Skandinavíu og staðir eins og Írland var neft sem góður kostur. Allar tillögur eru samt vel þegnar. Tillögum á að skila til Ásborgar.

Fundi slitið kl.16.15

Skoðunarferð

Að fundi loknum, kl. 16.30 - 19.00 , var farið í afar áhugaverða skoðunarferð og eftirtaldir félagar í SSF heimsóttir:

- Landnámssýningin 871 +/- 2 í Aðalstræti undir leiðsögn Sigurborgar Hilmarsdóttur. Þar var jafnframt boðið upp á fljótandi hressingu.
- Handritasýningin í Þjóðmenningarhúsinu, undir leiðsögn Jóhönnu Bergmann.
- Sögusafnið í Perlunni undir leiðsögn Ernst Backman
- Sólstöðuhátíð víkinga í Fjörukránni í Hafnarfirði og starfsemin þar undir leiðsögn. Jóhannesar Viðars Bjarnasonar. Þar var jafnframt snæddur víkingakvöldverður þar sem fjölpjódleg skemmtiatriði voru flutt undir borðum.